

Ársskýrsla Ritnefndar Rótarýumdæmisins

Starfsárið 2014-2015

Ritnefnd Rótarýumdæmisins tók fyrst til starfa í umdæmisstjóratíð Margrétar Friðriksdóttur, að hennar áeggjan.

Fyrsta nefndin var þannig skipuð:

Ingi Kr. Stefánsson, formaður Rkl. Borgum, Kópavogi

Sveinn H. Skúlason Rkl. Reykjavík Breiðholt

Þorsteinn Þorsteinsson Rkl. Görðum

Fljótt tókum við þá ákvörðun að stefna að því að gera heimasíðuna meira lifandi og leita eftir því að félagar klúbbanna yrðu virkir í því að setja inn fréttir á sínar síður. Þetta var gert með því að skipa vefstjóra klúbbanna, sem störfuðu sem slíkir lengur en eitt ár, helst nokkur. Þetta tókst bæmilega í mörgum tilfellum en þó bar á því að menn hættu eftir eitt starfsár.

Nefndin hélt nokkrar kynningar með vefstjórum á skrifstofu umdæmisins auk þess að leggja land undir fót og halda fundi á landsbyggðinni. Má þar nefna fundi á Akranesi og Selfossi og ferð sem farin var norður og fundað á Sauðárkróki, Ólafsfirði og Akureyri. Síður þessara klúbba lifnuðu hressilega við eftir þessar ferðir og sannaðist þar að best er að hitta fólk í eigin persónu.

Á starfsárinu 2012-2013 kom Markús Örn Antonsson til liðs við nefndina og var jafnframt skipaður ritstjóri heimasíðu umdæmisins. Með tilkomu Markúsar varð sú breyting á að hann aðstoðaði við að setja fréttir frá klúbbum inn á heimasíður þeirra auk þess sem hann skrifaði texta og tók myndir fyrir síður umdæmisins.

Staðan í dag er sú að þrettán klúbbsíður eru vel virkar og aðrar átta hafa verið í stuttum dvala. Nokkrir klúbbar hafa fært fréttir inn á Fésbók og er það vel. Gott væri þó að þær kæmu einnig á heimasíðum klúbbanna.

Núverandi ritnefnd er þannig skipuð:

Markús Örn Antonsson, Rkl Reykjavík-Breiðholt, formaður

Björn Rúriksson, Rkl. Selfoss

Sigríður Johnsen, Rkl. Mosfellssveitar

Ingi Kr. Stefánsson, Rkl. Borgir Kópavogi

Fyrir hönd ritnefndar, Ingi Kr. Stefánsson

